

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Rangárvalla.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. febrúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag. Deiliskipulagið nær til 17,5 ha svæðis, þar sem gert er ráð fyrir 5 lóðum ásamt opnu óbyggðu svæði. Deiliskipulagið skýrir lóðarmörk og kveður nánar á um landnotkun og gerð mannvirkja á svæðinu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi verksmiðjusvæðisins á Gleráreyrum.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. febrúar 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í meginatriðum í að nýjar lóðir eru skilgreindar ásamt tveimur nýjum byggingarreitum, akbraut sem liggur um svæðið er flutt, byggingar á vestari hluta svæðisins eru fjarlægðar og spennistöð er flutt. Fallið var frá auglýstri breytingu á gildandi deiliskipulagi varðandi nýja vegtengingu inn á svæðið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fiskihafnar og nágrennis að Glerá.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. febrúar 2007 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í að lóð Slippstöðvarinnar er breytt og afmarkaður er byggingarreitur fyrir hús á einni hæð með allt að 9,0 m vegghæð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fiskihafnar og nágrennis að Glerá, lóðir nr. 2, 4 og 6 við Skipatanga.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 7. nóvember 2006 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst m.a. í því að byggingarreitir á lóðunum nr. 2, 4 og 6 við Skipatanga eru stækkaðir. Heimilt er að reisa 26 m hátt sementssíló innan nýs byggingarreits. Jafnframt er sett kvöð um lokaðan vegg á lóðarmörkum við Hjalteyrargötu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 20. mars 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

—————
B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2007